

Sp.

241. Þingsályktun

um kolanám.

(Afgreidd frá Sp. 31. júlí).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að vinda sem bráðastan bug að innlendu kolanámi á þeim stöðum, sem menn finna hentugasta, svo að fyllt verði eldiviðarþörf landsmanna, þótt engi erlend kol náist.

Enn fremur skorar Alþingi á stjórnina að annast flutning á kolum þeim, er hún lætur vinna, beina leið til þeirra verslunarstaða og kauptúna, sem kolanna þurfa eða hægast er fyrir notendur að ná þeim.

Jafnframt ályktar Alþingi að heimila stjórninni fje úr landssjóði til nauðsynlegra framkvæmda í þessu máli, svo sem til verkfærakaupa, til torfbæja yfir verkamenn, til kaupa eða leigu á námunum o. fl. þ. h.